Ályktun um stofnun milliþinganefndar til endurskoðunar samþykkta Fjórðungssambands Vestfirðinga og þingskapa Fjórðungþings Vestfirðinga.

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 27. og 28. október samþykkir að stofnuð verði milliþinganefnd til endurskoðunar á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga og þingsköpum Fjórðungsþings Vestfirðinga. Nefndin taki þegar til starfa og vinni í samráði við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga Fjórðungssambandsin. Miðað er við að nefndin skili drögum að tillögum til 72. Fjórðungsþings Vestfirðinga að vori, en tillaga að nýjum samþykktum og þingsköpum komið til afgreiðslu 72. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti.

Nefndina skipi, Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ, Kjartan Þór Ragnarsson, Reykhólahreppi og Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Vesturbyggð.

Flutningsmaður: Gylfi Ólafsson fyrir hönd stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Greinargerð

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti samþykkti samkvæmt þingskjali 29 ályktun um breytt atkvæðavægi sveitarfélaga og vísað til stjórna að stofnað verði til milliþinganefndar sem myndi fjalla heildstætt um atkvæðavægi sveitarfélaga á Fjórðungsþingum og nefndin skili tillögu á næsta þingi.

Stjórn tók málið til umfjöllunar á 82. fundi stjórnar Vestfjarðastofu, þann 21. október 2026 og vísar til óformlegrar umræðu um efni ályktunar á fyrri fundum, þess efnis að ályktunin hreyfði við þeirri skoðun að gera heildstæða endurskoðun á samþykktum Fjórðungssambands og þingsköpum Fjórðungsþings. Stjórn vísar einnig til samþykktar stjórnar Vestfjarðastofu um að hefja endurskoðun á samþykktum Vestfjarðastofu.

Stjórn Fjórðungssambands vísar til þess að á komandi ári eru 10 ár frá stofnun Vestfjarðastofu og það fyrirkomulag um samstarf Fjórðungssambands og Vestfjarðastofu. Einnig vísar stjórn til umfjöllunar um starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga í tengslum við endurskoðun sveitarstjórnarlaga og frumvarp sem er til umfjöllunar á Alþingi. Samþykkt Svæðisskipulags Vestfjarða og starf svæðisskipulagsnefndar má einnig tilgreina sem tilefni til endurskoðunar.